

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Reykjanesbæ.

Breyting á deiliskipulagi Gamla bæjarins, Hafnargata 12.

Bæjarstjórn Reykjanesbæjar samþykkti 7. september 2021 deiliskipulagsbreytingu sem nær til lóðarinnar Hafnargata 12. Breytingarnar eru að byggingareitur bílakjallara er tekinn út, minniháttar tilfærsla á byggingareitum húsa til að koma fyrir bílastæðum ofanjarðar og innkeyrsla inn á lóðina er færð frá Hafnargötu á Norðfjörðsgötu.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

Breyting á deiliskipulagi Gamla bæjarins, Hafnargata 22-28, Klapparstígur 3-5 og Tjarnargata 2.

Bæjarstjórn Reykjanesbæjar samþykkti 7. september 2021 deiliskipulagsbreytingu sem nær til lóðanna Hafnargötu 22-28, Klapparstíg 3-5 og Tjarnargötu 2. Í breytingunni felst heimild til nýbygginga í Gamla bænum. Gert er ráð fyrir blandaðri byggð íbúða-, verslunar- og atvinnuhúsnæðis. Tvö hús verða flutt af svæðinu og lóðir stækkaðar.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

Reykjanesbær, 25. október 2021.

Kjartan M. Kjartansson bæjarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 9. nóvember 2021